

Ár 2014, mánudaginn 3. mars kom stjórn SSNV saman til fundar að Faxatorgi 1 á Sauðárkróki, kl. 10:00.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir. Kristján Jónasson endurskoðandi SSNV frá KPMG sat einnig fundinn. Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sat fundinn undir lið nr. 1 og ritaði fundargerð fyrir þann lið fundarins. Formaður tók við fundarritun undir liðum nr. 2-3.

Dagskrá:

1. SSNV innra starf og verkefni.
2. Ársreikningar 2013.
3. Önnur mál.
 - a) Fyrirspurn frá Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur, frá 10. janúar 2014.

Afgreiðslur:

1. SSNV innra starf og verkefni. Framkvæmdastjóri lagði fram vinnuskjal um helstu verkefni og áætlaðan framgang starfsins og rekstrar. Framkvæmdastjóra falið að vinna að verkefnunum í samræmi við umræður á fundinum. Framkvæmdastjóri vék af fundi.

2. Ársreikningar 2013. Endurskoðandi SSNV gerði stjórn grein fyrir vinnu sem KPMG var falið að inna af hendi vegna gerðar ársreiknings fyrir árið 2013. Tildrög þess voru að á árunum 2004-2009 tók Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra (ANVEST) þátt í og leiddi þróunarverkefnið Northern Coastal Experience (NORCE), var svokallaður „Lead Partner“. Í því hlutverki felst m.a. ábyrgð á skýrslugerð og fjárhagslegu uppgjöri við þá aðila sem taka þátt í verkefninu. Sem kunnugt er rann ANVEST inn í SSNV árið 2005 en verkefninu var haldið áfram á kennitölu ANVEST. Hefur Jón Óskar Pétursson, sem var prókúruhafi verkefnisins frá 2007, gefið þær upplýsingar að þessi kostur hafi verið valinn þar sem verulegir annmarkar hefðu verið á því að skipta um „Lead Partner“ og að verkefnið hafi ekki tengst daglegum rekstri SSNV. Um þetta var stjórn SSNV ekki kunnugt og kom fram í umræðum stjórnarmanna það samdóma álit að þrátt fyrir nauðsyn á sérgreiningu verkefnisins frá öðrum þáttum í starfsemi samtakanna ætti í samræmi við góða stjórnunarhætti að gera grein fyrir því í ársuppgjöri þeirra. Var því ákveðið að það skyldi gert og KPMG falið að færa þær eignir og skuldir ANVEST sem tengjast NORCE-verkefninu til SSNV og gera viðeigandi færslur í ársreikningi fyrir árið 2013.

Voru tillögur KPMG ræddar og jafnframt var ákveðið að taka saman greinargerð um þátttöku SSNV í NORCE-verkefninu í gegnum ANVEST og lokauppgjöri þess, með aðstoð KPMG og annarra sérfræðinga ef ástæða er til. Greinargerðin yrði til skýringar færslum í ársreikningi. Markmiðið væri að tryggja að fjárhagslegt uppgjör SSNV taki ávallt til allra þátta í starfsemi samtakanna og sé í samræmi við góða stjórnunarhætti innan stjórnsýslu sveitarfélaga. Í máli stjórnarmanna kom fram að fá yrði heildstæða mynd af uppgjörinu áður en unnt væri að fjalla frekar um það á vettvangi stjórnarinnar eða annars staðar, m.a. með vísan til stjórnsýslureglna. Formaður benti á að lokavinna við ársuppgjör 2013 kynni að dragast eitthvað vegna þessa.

3. Önnur mál.

a) Fyrirspurn frá Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur, frá 10. janúar 2014.

Tekið fyrir bréf, dags. 24. febrúar 2014, sem KPMG tók saman að ósk stjórnarinnar vegna fyrirspurnar sem Oddný María Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi á Blönduósi, beindi að SSNV, en fyrirspurninni fylgdi afrit af gögnum ANVEST sem stjórnin hafði ekki séð áður. Var ákveðið að senda Oddnýju Maríu afrit af framangreindu bréfi KPMG, sem veitir svar við fyrirspurninni.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:05.